

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu nr. 281/2014, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu nr. 281/2014:

3.17 Ákvörðun ráðsins 2016/1961/SSUÖ frá 8. nóvember 2016 um breyting á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 3.17.

4.20 Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1955 frá 8. nóvember 2016 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 4.20.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 5. janúar 2017.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir.

Stefán Haukur Jóhannesson.

Fylgiskjal 3.17.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS 2016/1961/SSUÖ

frá 8. nóvember 2016

um breyting á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.

Bæta skal þeim aðilum, sem eru á listanum í viðaukanum við ákvörðun þessa, við listann sem settur er fram í viðaukanum við ákvörðun 2014/145/SSUÖ. (Efnisútdráttur)

VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:32016D1961>.

Fylgiskjal 4.20.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ (ESB) 2016/1955

frá 8. nóvember 2016

um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.

Bæta skal þeim aðilum, sem eru á listanum í viðaukanum við reglugerð þessa, við listann sem settur er fram í viðaukanum við reglugerð nr. 269/2014. (Efnisútdráttur)

VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:32016R1955&rid=1>.